

TILLAGA AÐ VIÐBÓTUM VIÐ VEFÞJÓNUSTU VEGAGERÐARINNAR

Markmiðið með þessu verkefni er að kanna almennt þau gögn sem framleidd eru hjá Vegagerðinni (Vg) og reyna að meta hvað af þeim myndu henta til birtingar sem vefþjónustur til hagsbóta fyrir fyrirtæki og almenning á Íslandi. Vg framleiðir mjög mikilvægar upplýsingar sem tengjast vegakerfi landsins og ástandi þess á hverjum tíma. Jafnframt rekur Vg eitt stærsta veðurathugunarnet landsins. Mjög mikilvægt er að þessar upplýsingar nýtist sem best þar sem gott aðgengi að þeim varðar miklu um öryggi almennings í landinu og eins búa í þeim tækifæri fyrir aðra til þess að skapa afleiddar þjónustur til hagsbóta fyrir alla.

Nú þegar er til vefþjónusta sem birtir veðurupplýsingar sjálfvirkra veðurstöðva en hafsjór er til af upplýsingum innan Vg sem lagt er upp með að hægt sé að nýta mun betur ef aðgengilegar væru sem vefþjónustur. Með hliðsjóna af stöðugum framförum í snjalltækjum og farsímalausnum er ljóst að bætt aðgengi að þeim verðmætu upplýsingum sem unnar eru hjá Vg gætu opnað nýjar víddir við nýtingu slíkra gagna. Von skýrsluhöfundar er að niðurstöður þessarar greiningar verði grunnur að endur- og viðbótum á vefþjónustum stofnunarinnar sem þannig stuðlar að sem bestri nýtingu á þeim upplýsingum sem stofnunin framleiðir, til hagsbóta fyrir ríkið, fyrirtæki, almenning og ferðamenn í landinu.

FYRIRLESTUR Á RÁÐSTEFNU

Farið verður yfir verkefnið, af hverju var farið út í verkefnið, hverjir voru hvatar af því. Farið verður yfir niðurstöður viðtala við notendur sem tekin voru sem partur af verkefninu og helstu niðurstöður birtar úr þeim. Síðan verður farið yfir helstu niðurstöður verkefnis, skilgreiningu vefþjónustu, arkitektúr og hvaða upplýsingar ráðgert er að vefþjónustan veiti. Eins verður prufuþjónusta sem skrifuð var sýnd í rauntíma til þess að gefa yfirlit yfir hvernig slík þjónusta virkar.

AÐILAR SEM NÝ VEFÞJÓNUSTA GÆTI NÝST

Þeir aðilar sem áætlað er að gætu nýtt sér afurð þessa verkefnis eru:

- Vegagerðin, til útfærslu á einstökum þjónustum og nýtingu þeirra innan sem utanhúss
- hugbúnaðarfyrirtæki sem myndu vilja nýta þessar þjónustur til útfærslu hugbúnaðarlausna
- ferðaþjónustuaðilar til birtingu upplýsinga til hagsbóta fyrir ferðamenn og ferðaþjónustuna
- Opinberir aðilar sem gætu nýtt vefþjónusturnar til samþættingar við sín kerfi t.d.
 - Lögreglan
 - Almannavarnir, ríkislögreglustjóri og björgunaraðilar
 - Landhelgisgæslan
 - Önnur ríkisfyrirtæki sem byggja rekstur í kringum samgöngukerfi Vg
- Fyrirtæki á almennum markaði sem byggja rekstur í kringum samgöngurkerfi Vg
- Bæjar og sveitarfélög í landinu
- Símafyrirtækin
- nattura.is, vegahandbókin, island.is
- fjölmiðlar (veður, umferðatölur, opnanir/lokanir)
- almenningur í gegnum tölvur, farsíma og snjalltæki